

SKILGREINING FERÐAMANNAVEGA/ FERÐAMANNALEIÐA RANNSÓKNARVERKEFNI VEGAGERÐAR

VSÓ Ráðgjöf vinnur að rannsóknarverkefni um skilgreiningu ferðamannaleiða/ferðamannavega. Megin tilgangur verkefnis er að skoða hvort í skipulagi vegakerfis megi skilgreina ákveðnar leiðir sérstaklega sem ferðamannaleiðir og auka ávinning Vegagerðar, ferðamannsins sem vegfarenda og jafnframt að stuðla að metnaðarfullri veglagningu á forsendum náttúrunnar.

Mörg lönd hafa lagt áherslu á að skipuleggja og þróa ferðamannaleiðir með það að markmiði að auka fjölda ferðamanna og auka gæði þjónustu fyrir ferðamenn. Þessir vegir ganga undir mörgum nöfnum s.s Scenic Roads, Scenic Byways, Turistvej, Grüne Strassen, Route de Touristique.

Við skoðun ferðamannaleiða erlendis var leitast við að afla svara við spurningum eins og:

- Hvaða skilyrði eru sett fyrir vali leiða?
- Hverjir eru skilgreindir hagsmunaaðilar?
- Hvernig hönnunarforsendur er unnið með?

Í Mið-Evrópu fara leiðirnar undantekningalaust um svæði þar sem höfuðáhersla er á menningarsjónarmið. Í Noregi og Bandaríkjunum er hinsvegar höfuðáherslan á að upplifa náttúruna á leiðunum. Í rannsóknarverkefninu var lögð áhersla á að skoða fyrirmyndir í Noregi og Þýskalandi.

Norskar fyrirmyndir - Áherslur á uppbyggingu ferðamannaleiða í Noregi er að draga fram kosti náttúrunnar. Eftirlit og umhirða veganna verður að vera gott, gera verðu ráð fyrir bílastæðum og öryggisjaðri á vegunum til að stoppa. Þá er krafa er um að vanda allan aðbúnað við útsýnisstaði. Í verkefni Norsku vegagerðarinnar er m.a lögð áhersla á að:

- Leiðin sjálf sé áhugaverð og eftirsóknarverð upplifun í sjálfri sér.
- Leiðirnar séu ekki aðal- umferðaræðar svæðisins.
- Svæðin meðfram leiðunum séu ekki viðkvæm fyrir aukinni umferð.
- Ferðamannaleiðirnar séu einungis afmarkaðar vegalengdir.

 <p>Nasjonale Turistveger National Tourist Routes in Norway</p> <p>Lofoten</p>	 <p>Nasjonale Turistveger National Tourist Routes in Norway</p> <p>Aurlandsfjellet</p>
 <p>Statens vegvesen</p>	 <p>Statens vegvesen</p>
 <p>Nasjonale Turistveger</p>	<p><i>Til planlegging, prosjektering og gjennomføring av prosjektet Nasjonale turistveger er det behov for en innsats på ca 1,7 milliarder kroner i årene 2002 – 2016.</i></p>

Þýskar fyrirmyndir - Í Þýskalandi er yfirleitt verið að vinna með ákveðið þema, s.s kastala, þjóðsögur eða byggingarlist frá ákveðnum tíma. Markmiðið er að viðhalda og vernda auðlindir og um

leið að nýta þær. Vegurinn sjálfur hefur ekki sérstakt hlutverk og svæðið meðfram veginum ekki heldur nema í einstaka tilfellum. Í þessu er að felast mikilvæg tækifæri fyrir sveitarfélög þar sem verið er að kynna stór svæði sem vert er að ferðast um en ekki aðeins staka staði s.s. söfn, sögulegar byggingar eða náttúrufríbærir.



Íslenskar aðstæður - Við skoðun á ferðamannavegum og ferðamannaleiðum þarf að skoða núverandi vegakerfi og í einhverjum tilfellum að byggja nýjar leiðir. Ef flokka ætti ferðamannavegi skv. vegflokkun Vegagerðarinnar, féllu þeir í flokk landsvega – en það eru vegir sem liggja að hverum og fossum.

Nokkur dæmi um notkun hugtaksins ferðamannavegur	„Hann yrði áfram ferðamannavegur og hraðinn ekki hækkaður upp í 90 km á klukkustund, heldur mætti taka af honum mestu hlykkina og fjölga útskotum þannig að ferðamenn fengju notið útsýnisins.“ <i>Bergur Sigurðsson, Landvernd vegna Gjábyggavegar</i>
	Þetta er veiðimanna- og ferðamannavegur. Útsýni er sérstakt og hraunmyndanir ævintýralegar.“ <i>Lýsing á fjallvegi um Hraunvötn, Tjaldavatn, Fossavatnsskvís.</i>
	“Þessi vegur er þjóðvegur, byggður fyrir 90 km hraða, þessi leið rýrir mjög gildi svæðisins til náttúruverndar og upplifunar ferðamanna, en hins vegar er þörf á vel lögðum ferðamannavegi um svæðið.“ – <i>Greinargerð Landverndar vegna Dettifossvegar</i>
	“Að stjórnvöld hefji þegar í stað vinnu við skipulagningu ferðamannaleiða á miðhálandinu og úrbætur á þeim ferðamannavegum, sem þegar eru fyrir hendi.“ – <i>Ályktun Aðalfundur SUNN, Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi, haldinn á Rimum í Svarfaðardal þann 4. maí 2008</i>
	“Vegurinn við norðanvert Þingvallavatn er til dæmis dæmigerður ferðamannavegur, bugðóttur með lágmarks röskun og 50 kílómetra hámarkshraða.“ – <i>Ómar Ragnarsson, http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?radnr=1128400</i>

Tillögur að skilgreiningu fyrir ferðamannavegi:

Ferðamannavegur er vegur sem er felldur og hannaður inn í landslagið. Sjónarmið ferðapjónustu eru höfð að leiðarljósi og ferðamanni er gert kleyft að fara um veg til að njóta landslags og útsýnis.

Ferðamannavegur er gamlir vegir þar sem bygging nýs vegar hefur létt af umferðinni. Gamlir þjóðvegir og tengivegir þar sem fara um byggðir og sveitir landsins. Vegurinn getur haft menningar og sögulegt gildi, fyrir það hvar og hvernig hann liggur nú um landið.


Hvaða vegir eru ferðamannavegir?

Nokkur dæmi um vegi sem gætu flokkast undir ferðamannaveg, ferðamannaleið, ferðamannaslóðir		
Ferðamannavegur ?		
Kónsvegur um Gjábakka	tengivegur	Fjallvegur, bugðóttur vegur, fallett útsýni, Byður ekki uppá hraðakstur (Verið að byggja nýjan veg)
Á milli Hlöðufells og Skjaldbreiðar	línuvegur	Fjallvegur, stórbrotin náttúra, fallett útsýni. Byður ekki uppá hraðakstur
Vegur norðanvert við Þingvallavatn	þjóðgarðsvegur	Vegur sem er felldur að landslagi, fallett útsýni. Byður ekki uppá hraðakstur
Sólheimahringurinn	"Gamli" þjóðvegurinn	Vegur sem byður uppá afslappaða dagsferð- útfra fjölfarinni ferðamannaleið (Viðbot)
Ferðamannaleið ?		
Gullhringurinn	þjóðvegur	Fjölfarin leið sem þræðir helstu ferðamannastaði s.s Þingvelli, Geysi og Gullfoss. Fer um marga af þjóðvegum landsins sem eru undir miklu umferðarálagi
Kjalvegur	þjóðvegur	Fjallvegur á milli landshluta, sem byður upp á hliðartengingar t.d. Kerlingarfjöll. Byður ekki uppá hraðakstur

Ávinningur ferðamannsins- Gæði upplifunar, öryggi – sem er mælanlegur ávinningur í slysatölum. Einfaldari upplýsingagjöf, betra upplýsingastreymi. *Ímynd landsins sem ferðamannalands*

Áhrif á umferð- vaxandi umferð, álag á vegakerfi ferðamannaleiða. Ólíkt ferðamynstur, ólík þekking á ástandi vegar, ólíkur aksturshraði, álagstímar og umferðarþungi. Ólíkar kröfur til vegar- umgjarðar og þjónustu. Álag og stress vegna ólíks ferðamynsturs. Kostnaður- pólitísk ákvarðanatataka um álag á vegum, s.s landflutningar. Olíuverð og fl. *Ímynd landsins sem ferðamannalands*

Áhrif á náttúru og umhverfi – innihaldsríkar akstursleiðir. Vegagerð felld að landi og fer um svæði sem hægt er að njóta og skoða landslagið. Áhersla lögð á gæði sem snúa að útsýni og lágmarka sjónræn áhrif af vegagerð. Sneiða frá viðkvæmum landslagsheildum. Stefna að minni fyllingum og sneiða frá erfiðum skeringum. *Ímynd landsins sem ferðamannalands.*

Sérstakur faghópur hefur komið að mótun verkefnisins og sitja í honum Eymundur Runólfsson og Svanur G. Bjarnason frá Vegagerðinni, Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu. Verkefnið er unnið af Fríðu Björgu Eðvarðsdóttur, Sebastian Peters og Smára Johnsen hjá VSO Ráðgjöf sumarið og haustið 2008.